

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. mars 2016  
UST201603-098/B.S.  
10.05.03

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Örlygshafnarvegur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða breytingu á framkvæmd sem Skipulagsstofnun tók ákvörðum um 25. Júní 2015 að framkvæmdin í heild þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.


Í breytingu framkvæmdar sem hér um ræðir felst að vikið er frá núverandi vegi undir Skersmúla á um 1,6 km löngum kafla. Vegurinn verður færður niður að aflagðri flugbraut Patreksfjarðarflugvallar.

Á fyrirhuguðu vegstæði eru gróðurlitlar skeljasandsöldur sem að líkindum eru á stöðugri hreyfingu.

Umhverfisstofnun telur ekki að umrædd breyting muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun bendir á að leggja ætti áherslu á að afmá aflagðan kafla núverandi vegar.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri